

Nd. 69. Frumvarp til laga

um bæjargjöld á Ísafirði o. fl.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því:

1. að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnhúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.
2. að bærinn taki einkarétt til upp- og framskipunar á vörum úr skipum, er við bryggjur bæjarins leggjast.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

- a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
- b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.

Gjaldið skal miða við virðingarverð af fasteignamatsverði, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum ennfremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. gr. tölul. 1 og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskyldt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangsrétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi — þinglesinn eigandi eignarinnar — greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er liður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir, svo og um upp- og framskipun samkv. 1. gr. tölu. 2. Í reglugerð um hið síðarnefnda skal setja taksta um hámark upp- og framskipunargjalda, og skal miða hann við meðaltal þessara gjalda fyrir síðustu árin, áður en lög þessi gengu í gildi, nema um verulega kaupgjaldsbreytingu sé að ræða.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafri.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1935, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Flestir kaupstaðir á landinu hafa fengið lögtekin lóða- eða fasteignagjöld til þess að afla bæjarsjóði tekna, og ýmsir hvorttveggja. Er frv. þetta svipað og ýms önnur, sem nú eru í gildi, með þeirri breytingu þó, að gert er ráð fyrir í frv. þessu, að með reglugerð verði ákveðið, að fasteignagjöld af húsum verði nokkuð mismunandi, og þó einkum eftir því, hvernig þau notast, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda. Nokkrir kaupstaðir hafa í notum svipaðrar skattaheimildar tekið að sér sorphreinsun, en ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv., m. a. vegna þess, að Ísafjarðarbær leggur íbúum sínum til vatn, án þess að taka vatnsskatt, og hefir lagt skólþveitu um allan bæinn án þess að taka nokkur gjöld fyrir, sem þó hvorttveggja tíðkast víðast hvar annarsstaðar.

Um upp- og framskipunarheimildina má geta þess, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafði um 10 ára skeið slíkan einkarétt, sem hér er farið fram á, og gaf það bænum, á óbeinan hátt raunar, talsverðar tekjur, án þess að hærri gjöld væru fyrir það tekin en annarsstaðar tíðkast. Á síðastl. ári sætti þetta nokkrum mót-mælum, og þykir því rétt að fara fram á lagaheimild þessa.

Ætlazt er til, að hið lága lóðagjald, sem nú er heimilt að taka af hverri feralin samkv. 18. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafri, falli niður.